

Reglur

Íþróttaráðs Kópavogs um kjör á íþróttakonu og íþróttakarli Kópavogs

1. gr.

Íþróttafélög í Kópavogi skila inn rökstuddum tilnefningum til íþróttaráðs fyrir 30. nóvember ár hvert. Félögum er heimilt að tilnefna eina konu og einn karl í tveimur aldursflokkum, 13-16 ára og 17 ára og eldri, fyrir hverja grein íþróttar sem stunduð er hjá viðkomandi íþróttafélagi. Íþróttaráði er jafnframt heimilt að tilnefna íþróttafólk ef ástæða þykir til.

2. gr.

Íþróttakona og íþróttakarli Kópavogs geta aðeins þau orðið sem stunda íþróttir með íþróttafélagi sem starfar í Kópavogi, eða hafa lögheimili í Kópavogi en stunda íþrótt sína með sérgreinafélagi utan Kópavogs. Það sama gildir um íþróttakonu/-karl sem stundar íþrótt sem ekki er boðið uppá innan íþróttafélaganna í Kópavogi. Viðkomandi þarf að hafa náð 17 ára aldri á því ári sem tilnefnt er fyrir.

3. gr.

Kjör á íþróttakonu og íþróttakarli fer þannig fram að aðalmenn í íþróttaráði velja 5 konur og 5 karla úr innsendum tilnefningum sem kosið er á milli með tvennum hætti. Annars vegar fer fram rafræn íbúakosning milli fyrrnefndra íþróttamanna sem gildir 40% á móti kjöri aðalfulltrúa íþróttaráðs skv. sérstakri vinnureglu þar að lútandi. Standi tveir íþróttamenn efstir og jafnir að kjöri loknu, kjósa aðalfulltrúar íþróttaráðs milli þeirra tveggja að nýju. Niðurstaða kjörsins er síðan kunngjörð á íþróttahátíð Kópavogs í janúar ár hvert.

4. gr.

Tilnefndir íþróttamenn hljóta sérstaka viðurkenningu jafnframt því sem kjörin íþróttakona og íþróttakarli Kópavogs hljóta eignarbikar ásamt farandgrip sem viðkomandi varðveitir í eitt ár.

5. gr.

Afhending viðurkenninga og tilkynning á vali íþróttakonu og íþróttakarls Kópavogs fer fram á Íþróttahátíð Kópavogs eigi síðar en 15. janúar ár hvert.

Samþykkt í Íþróttaráði 27. október 2016

Vinnureglur

við greiðslu atkvæða í kjöri
íþróttakonu og íþróttakarls Kópavogs

1. Aðalmenn í íþróttaráði kjósa íþróttakonu og íþróttakarls Kópavogs og gildir það kjör 60% af endanlegu kjöri
 - Atkvæði eru gefin fyrir sæti 1 – 5
 1. sæti fær 5 stig,
 2. sæti fær 4 stig,
 3. ...og svo framvegis
2. Íbúar kjósa í rafrænni kosningu íþróttakonu og íþróttakarls Kópavogs og gildir það kjör 40% af endanlegu kjöri
 - Atkvæði eru gefin fyrir sæti 1 – 5
 1. sæti fær 5 stig,
 2. sæti fær 4 stig,
 3. ...og svo framvegis
3. Ef tveir íþróttamenn (kona-kona, karl-karl) standa jöfn með flest stig, þá skulu aðalfulltrúar íþróttaráðs kjósa að nýju á milli þeirra tveggja.
4. Tilnefningum skal skilað í bréfi til íþróttaráðs í þjónustuver bæjarskrifstofum Kópavogs eða með tölvupósti á netfang sem kemur fram á sérstöku eyðublaði sem ráðið úthlutar.
5. Í kjöri á íþróttakonu og íþróttakarls ársins er greint frá fyrstu þremur sætunum og veittar viðurkenningar til allra sem tilnefndir eru.

Vinnureglur samþykktar í íþróttaráði 27. október 2016

Vinnureglur

um tilnefningu íþróttafélaga á

íþróttakonu og íþróttakarli Kópavogs

1. Íþróttakonan/-karlinn verður að vera í íþróttafélagi innan ÍSÍ í Kópavogi og hafa unnið afrek sín undir merkjum þess.
2. Íþróttakonan/-karlinn verður að vera í sérhæfðu íþróttafélagi sem nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag, þ.m.t. Kópavog og er innan ÍSÍ (íþróttafélag fatlaðra o.s.frv.). Hann/hún verður að hafa unnið afrek sín undir merkjum þess. Það sama gildir um íþróttakonu/-karl sem stundar íþrótt sem ekki er boðið uppá innan íþróttafélaganna í Kópavogi. Íþróttakona/-karl, sem er í félagi samkvæmt 2. lið, þarf að eiga lögheimili í Kópavogi starfsárið sem tilnefningin nær yfir.
3. Íþróttakonan/-karlinn verða að hafa sýnt a.m.k. árangur á landsmælikvarða á árinu.
4. Stjórn hvernar deildar íþróttafélags sendir rökstudda tilnefningu um bestu íþróttakonu/-karl úr hvorum aldurshópi innan sinna vébanda til íþróttaráðs Kópavogs.
 - Aldurshóparnir eru:
 - 13 til 16 ára
 - 17 ára og eldri
5. Aldur miðaður við afmælisdag ræður hvar í aldurshópi íþróttakonan/-karlinn lendir. Með tilnefningum skal fylgja skrá yfir afrek viðkomandi íþróttakonu/-karls og umsögn þjálfara þeirra. Blaðaúrklippur og aðrar opinberar umsagnir eru æskilegar. Mynd af viðkomandi íþróttakonu/-karli þarf að fylgja tilnefningunni.

Vinnureglur samþykktar í íþróttaráði 27. október 2016